REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá kl. 16.00 þann 27. janúar til og með 31. mars eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 55'00 N – 21° 51'00 V
2. 66° 59'00 N – 20° 48'00 V
3. 66° 39'00 N – 21° 08'00 V
4. 66° 37'00 N – 21° 36'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.